



# Ársskýrsla Vettvangsgeðteymis

---

Stöðumatsskýrsla  
Vettvangsgeðteymis  
Reykjavíkurborg





## 1. Forsaga

Vettvangsgeðteymi Reykjavíkur var stofnað í kjölfar Straumhvarfaverkefnisins sem var átaksverkefni í búsetumálum geðfatlaðra á vegum Félagsmálaráðuneytisins á árunum 2006 -2010.

Í þjónustusamningi frá 28. ágúst 2008 milli Félagsmálaráðuneytis og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um uppbyggingu íbúðakjarna fyrir geðfatlaða var kveðið á um í verkáætlun að skipaður yrði starfshópur til þess að koma fram með tillögur að samfélagsteymi. Starfshópurinn skilaði af sér skýrslu með tillögum árið 2009 þar sem m.a. var lögð fram tillaga um að stofnað yrði sérstakt geðteymi í samstarfi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, geðsviðs Landspítala og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þessi tillaga raungerðist að hluta til í stofnun Vettvangsgeðteymis Reykjavíkur sem er samstarfsverkefni velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og geðsviðs Landspítala með samstarfssamningi. Verður skrifað undir nýjan samstarfssamning á árinu 2024.

## 2. Hlutverk og markmið teymisins

Teymið sinnir einstaklingum með geðfatlanir sem búa í og /eða fá stuðning frá íbúðakjörnum á vegum velferðarsviðs og þurfa tímabundið þverfaglega og einstaklingsmiðaða þjónustu. Um er að ræða 184 einstaklinga í heildina eða 116 einstaklinga sem búa í kjörnum og 68 eru í húsnæði með stuðning.

Markmið teymisins er að auka lífsgæði og lífsfærni. Áhersla er lögð á að veita viðeigandi stuðning og ráðgjöf til að draga úr komum á geðdeild og/eða stytta innlagnartíma. Teymið veitir starfsmönnum íbúðakjarna einnig stuðning, fræðslu og handleiðslu. Það hefur jafnframt að leiðarljósi að auka samfellu í þjónustu með aðkomu að innlögnum og eftirfylgd



og greiða leið einstaklinga að úrræðum á vegum velferðarsviðs. Teymið myndar þannig brú á milli þessara tveggja þjónustukerfa.

### 3. Ábyrgðaraðilar teymisins

Stýrihópur frá velferðarsviði Reykjavíkur og geðþjónustu Landspítala ber sameiginlega ábyrgð á Vettvangsgeðteymi Reykjavíkur.

Starfsmenn frá velferðarsviði Reykjavíkur:

- Aðalbjörg Traustadóttir, skrifstofustjóri málefna fatlaðs fólks á velferðarsviði
- Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri Vesturmiðstöðvar, velferðarsviði

Starfsmenn frá geðsviði Landspítala:

- Halldóra Jónsdóttir, yfirlæknir í geðþjónustu Landspítala
- Nanna Briem, framkvæmdastjóri geðþjónustu Landspítala

Velferðarsvið leggur vettvangsgeðteymi til starfsaðstöðu og tvö stöðugildi, þar af einn teymisstjóra í 100% starfshlutfalli.

Geðþjónusta LSH leggur til fulltrúa úr hverju eftirfylgdarteymi inn í vettvangsteymið, hver fulltrúi í 10% stöðuhlutfalli. Geðþjónusta Landspítala tryggir að íbúar í íbúðarkjörnum sem nú þegar eru í meðferðarsambandi við geðþjónustuna fái nauðsynlega geðheilbrigðisþjónustu í því teymi þar sem meðferð þeirra fer fram og veitir ráðgjöf og stuðning ef þörf er á við íbúa sem ekki eru tengdir geðþjónustu Landspítala.

### 4. Starfsmenn teymisins á árinu 2023

- Þóra Björk Bjarnadóttir, sálfræðingur-teymisstjóri



- Andri Vilbergsson, iðjuþjálfari
- Baldur Már Richter, sálfræðingur
- Rannveig Pöll Þórsdóttir, sérfræðingur í geðhjúkrun
- Ásta Kristín Benediktsdóttir, sérfræðingur í félagsráðgjöf
- Birna Óskarsdóttir, geðhjúkrunarfræðingur
- Ísabella Björnsdóttir félagsráðgjafi
- Jóhanna Bjarnason ráðgjafi

## 5. Dæmi um störf teymisins

- Ráðgjöf, stuðningur, handleiðsla
- Fræðsla fyrir starfsmenn kjarnanna
- Aðstoð við bráðainnlagnir
- Mat á geðhag
- Virkni
- Fjölskylduvinna
- Iðjuþjálfun
- Stuðningsviðtöl/Bjargráðavinna
- Geðhjúkrunarviðtöl
- Ráðgjöf við aðra fagaðila





## 6. Árangursvísar

Frá stofnun Vettvangsgeðteymisins hefur verið notast við árangursmælingu sem telur fjölda og meðaltímalengd innlagna ári áður og ári eftir inngríp teymisins. Fyrir árið 2023 hafði Vettvangsgeðteymið ekki aðgengi að þessum tölum frá Landspítalanum en skýra þarf betur aðgengi teymisins að slíkum upplýsingum frá Landspítalanum. Einnig hafa verið lagðar fyrir reglulega þjónustukannanir tengdar aðkomu teymisins, bæði fyrir íbúa og starfsfólk. Lögð var fyrir þjónustukönnun 2023 fyrir stjórnendur geðkjarnanna ásamt deildarstjórum og ráðgjöfum á miðstöðvum Reykjavíkurborgar, til að kanna upplifun þeirra tengd ráðgjöf og stuðningi frá teyminu.

## 7. Yfirlit yfir starfsemina 2023

Beiðnir:

- Á árinu 2023 bárust teyminu alls 87 beiðnir
- Öllum beiðnum var svarað innan tveggja vikna
- 82 beiðnir (94%) bárust teyminu sem vörðuðu einstaklinga sem búa í íbúðakjörnum eða eru í þjónustu íbúðarkjarna á vegum velferðarsviðs
- 6 beiðnir (6%) bárust teyminu sem vörðuðu einstaklinga sem eru ekki í þjónustu íbúðarkjarna en hafa notið reglubundins og markviss stuðnings starfsfólks geðsviðs og velferðarsviðs
- Langflestar beiðnir voru gerðar í samráði við einstaklingana sjálfa
  - 64 beiðnir (74%) bárust frá starfsmönnum íbúðakjarnanna
  - 12 beiðnir (14%) bárust frá geðsviði Landspítalans
  - 9 beiðnir (10%) bárust frá miðstöðvunum





- 2 beiðnir (2%) bárust frá íbúum

Unnt hefur verið að bregðast skjótt við öllum þeim beiðnum sem hafa borist teyminu og enginn biðlisti hefur myndast. Beiðnum sem hafa ekki tilheyrt markhópnum hefur verið vísað til viðeigandi þjónustuaðila.

#### Þjónusta:

- Alls fengu 65 einstaklingar þjónustu frá teyminu. Misræmi milli fjölda beiðna og einstaklinga skýrist af því að fleiri en ein beiðni barst í tilfelli nokkurra einstaklinga.
- 27 einstaklingur voru í þjónustu teymisins í lok síðasta árs. Beiðnir bárust aftur fyrir 13 af þeim og eru þeir því taldir með þeim 65 einstaklingum sem fengu þjónustu frá teyminu árið 2023
- Af þeim sem fengu þjónustu voru 50 (77%) karlar og 15 (23%) konur.
  - Aldursbil þeirra sem fengu þjónustu var 22-77 ára
    - Aldursbil kvenna sem fengu þjónustu var 26-63 ára
    - Aldursbil karla sem fengu þjónustu var 22-77 ára
- Meðalaldur þeirra sem fengu þjónustu var 43,5 ár
- Fjórir íbúar létust á árinu 2023






Eftirfarandi myndir lýsa starfsemi teymisins árið 2023 og eðli þeirra 87 beiðna sem voru sendar teyminu.

Mynd 1. gefur upplýsingar um helstu ástæður þess að óskað var eftir þjónustu teymisins. Undir ráðgjöf falla allar beiðnir sem snúa að ráðgjöf og stuðningi við íbúa og starfsfólk kjarnanna. Dæmi um slíka ráðgjöf er til dæmis stuðningur við að samþætta betur stuðning í kringum einstaklinginn frá ólíkum meðferðaraðilum, fylgja eftir útskriftum frá geðdeild, ráðgjöf við starfsfólk varðandi einkenni geðsjúkdóma, styðja við einstaklingsáætlanir, ráðgjöf við aðra fagaðila og stjórnendur vegna einstaklingsmála o.s.frv. Undir virkni/iðjuþjálfun er bæði virkni innan heimilis og utan heimilis. Bráðaaðkoma/innlögn er mat á geðhag einstaklingsins og stuðningur við innlagnir ef ástæða þykir til.

Geðhjúkrunarráðgjöf er ráðgjöf sem Rannveig Þöll geðhjúkrunarfræðingur hefur veitt varðandi lyfjamál, líkamlega heilsu og önnur mál. Liðveisla er liðveisluverkefnið þar sem íbúi styður annan íbúa. Undir mat á geðhag þá hefur meðlimur teymisins farið til íbúa og metið ástand hans og hvort innlögn er þörf.

Undir einstaklingsvinnu falla stuðningsviðtöl og Bjargráðavinna og er þá bein vinna með einstaklingnum sjálfum yfir lengri tíma.

Undir Laugarásverkefnið þá hefur Vettvangsgeðteymið verið að styðja við þátttakendur sem eru að fara búa sjálfstætt með stuðningi frá starfsfólki kjarnanna.




Mynd 1. - Ástæða beiðna um þjónustu teymisins á árinu 2023






Á mynd 2. má sjá skiptingu aðal sjúkdómsgreiningar þeirra sem beiðnir barst fyrir. Tvígreining er nær yfir íbúa með vímuefnavanda og geðfötlun.



Mynd 2. – Aðal sjúkdómsgreiningar þeirra sem beiðni barst fyrir á árinu 2023




Á mynd 3. má sjá hvernig þær 87 beiðnir skiptust á milli miðstöðva borgarinnar sem bárust á árinu 2023.



Mynd 3. – Skipting beiðna fyrir þá sem voru í þjónustu innan íbúðakjarna og utan eftir miðstöðvum borgarinnar




Mynd 4. má sjá skiptingu beiðna eftir geðteymunum og teymum innan LSH, Heilsugæslunnar og Reykjavíkurborgar



Mynd 4. – Skipting beiðna eftir geðteymunum og teymum innan LSH, Heilsugæslunnar og Reykjavíkurborgar.



Mynd 5. sýnir fjölda beiðna vegna einstaklinga með tvígreiningu, þ.e. einstaklingar með geðsjúkdóm og vímuefnavanda sem hafa fengið þjónustu frá Vettvangsgeðteyminu frá árinu 2018 til 2023.




Mynd 5. – Fjöldi beiðna tengt einstaklingum með tvígreiningar sem hafa fengið þjónustu frá 2018-2023.



## Mynd 6. sýnir fjölda yfir fræðslu og handleiðslur fyrir starfsfólk á árinu

2023.




Mynd 6. - sýnir fjölda yfir fræðslu og handleiðslur fyrir starfsfólk á árinu 2022



## 8. Þjónustukönnun


Stutt netkönnun var send á alla stjórnendur íbúðakjarna fyrir fólk með geðfötlun, deildarstjóra og ráðgjafa í málefnum fatlaðs fólks hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Markmið könnunar var að kanna upplifun þeirra af stuðningi og ráðgjöf Vettvangsgeðteymisins, greina hvað gengur vel og hvað mætti gera betur. Könnunin var send á 52 einstaklinga en af þeim voru 29 sem tóku þátt í könnuninni (svarhlutfall 56%).



Mynd 7. - Sýnir helstu niðurstöður úr könnunni



### Starfsheiti þátttakenda



Mynd 8. - Sýnir skiptingu eftir starfsheiti þeirra sem svöruðu könnunni

Það voru lagðar fyrir þátttakendur opnar spurningar og hér fyrir neðan má lesa nokkur svör.

#### *Hvað getur Vettvangsgeðteymið gert til að bæta stuðning/ráðgjöf ?*

„Það eru of fá stöðugildi hjá þeim. Verkefnin eru of mörg og þau of fá.“

„Fæ fleiri stöðugildi til að geta sinnt enn fleiri málum.“

„Opna fyrir fleiri notendur en markhópurinn er í dag.“

#### *Hvað finnst þér vel gert í Vettvangsgeðteyminu ?*

„Bregðast vel við þegar starfsstöð vantar stuðning varðandi leiðir og lausnir íbúa. Skilja aðstæður sem starfsstöð er í og er alltaf tilbúin að vera stuðningur við starfsfólk starfsstöðvarinnar.“

„Styður vel við íbúa og stuðningur við starfsfólk þegar flókin mál koma upp. Auðveldar nauðsynleg samskipti við geðheilbrigðiskerfið sem liðkar fyrir öllu samstarfi.“

„Gott utan umhald, lausnarmiðuð. Dugleg að minna á sig og bjóða ef geta gert eitthvað. Fljót að bregðast við þegar maður þarf að leita til þeirra. Öll að vilja gerð.“





## 9. Umræða

Á mynd 1. má sjá að á árinu 2023 bárust flestar beiðnir tengdar ráðgjöf og getur sú ráðgjöf snúið að margvíslegum áskorunum sem starfsfólk í íbúðakjörnum tekst á við varðandi stuðning við íbúa. Þá er inngríp teymisins til skamms tíma og eftirfylgdin áfram hjá starfsfólkinu. Það má sjá að 6 beiðnir bárust vegna ráðgjafartengdri geðhjúkrun en árið 2022 voru þær 16. Þó það hafi verið fækkun á beiðnum teljum við að mikilvægt sé að slíkur stuðningur fyrir íbúa og starfsfólk kjarnanna sé til staðar.

Á mynd 2. má sjá að á árinu 2023 voru um 29% beiðna tengdar íbúum með tvígreiningu sem er skilgreining fyrir einstaklinga með alvarlegan fíkní- og geðvanda. Hægt er að álykta út frá tölum síðustu ára að fíknivandi meðal íbúa í geðkjörnunum sé að aukast. Það hefur verið bætt í fræðslu til kjarnanna varðandi þetta málefni og hefur fullrúi Vettvangsgeðteymi haldið þrjár fræðslur á síðasta ári. Fræðslurnar er til þessa að auk við stuðning fyrir starfsfólk til að takast á við þær áskoranir sem tengjast einstaklingum með tvígreiningar. Tekið hefur verið saman yfirlit yfir fjölda beiðna sem tengdust einstaklingum með tvígreiningu frá 2018 til 2023. Á mynd 5 má sjá greinilega aukningu en árið 2018 eru 9 beiðnir en árið 2022 voru þær 35. Á síðasta ári voru beiðnirnar 25.

Á mynd 4. sést að það komu 11 beiðnir sem tengdust einstaklingum sem eru í Laufeyjarþeyminu. Teymið sinnir einstaklingum með tvígreiningarvanda. Það er aukning frá síðasta ári á fjölda beiðna sem tengjast Laufeyjarþeyminu.

Á mynd 6. kemur fram að 13 starfsmenn íbúðakjarnanna fengu einkahandleiðslu og 6 hóphandleiðslur er varðar alvarleg atvik sem hafa tengst íbúum í kjörnunum. Þessi atvik er meðal annars tengd andláti íbúa sem starfsfólk kemur að, ofbeldi íbúa tengd starfsfólki,



áskoranir tengdar stuðningi við íbúa og svo framvegis. Vettvangsgeðteymis sinnti átta fræðsluerindum á árinu 2023 sem snéru meðal annars að geðrofssjúkdómum og einkennum þeirra, tilfinningavanda, samspil geðsjúkdóma og vímuefnavanda og svo framvegis.

Í þjónustukönnunni sem var í samvinnu við teymi árangurs-og gæðamats á skrifstofu Velferðarsvið, kemur helst fram að 71% þátttakanda eru mjög ánægðir með stuðning og ráðgjöf frá Vettvangsgeðteyminu og 22% frekar ánægðir. Einnig kemur fram að 100% þátttakanda telur að aðkoma frá teyminu hafi haft jákvæð áhrif á lífsgæði íbúa og 62% telja að aðkoma teymisins hafi nýst sínum starfsstað að mjög miklu leyti til að styðja betur við íbúa. Verður að segjast að þetta eru jákvæðar niðurstöður fyrir teymið og styður við mikilvægi þeirrar vinnu sem teymið sinnir fyrir íbúa og starfsfólk geðkjarnanna.

## 10. Helstu verkefni teymisins á árinu 2023

Stofnaður var starfshópur að frumkvæði vettvangsgeðteymisins til að þróa verklag um samskipti á milli íbúðarkjarnanna og geðrofs- og samfélagsgeðteymis (GOS) á LSH. Markmið með þeim starfshóp er að skýra betur hlutverk þeirra sem koma að málum íbúa, til dæmis hvert er hlutvert LSH og starfsfólks íbúðakjarnans. Í starfshópnum sitja tveir fulltrúar forstöðumanna í geðkjörnunum og tveir fulltrúar frá GoS teymi. Ábyrgðarmenn starfshópsins eru Þóra Björk Bjarnadóttir og Ásta Kristín Benediksdóttir. Áætlað er að starfshópurinn skili af sér skýrslu í febrúar 2024.

Byrjað var í janúar 2023 að nýta lausa tíma í Hátúni Íþróttahúsi fatlaðra. Ókeypis er fyrir þá sem sækja þessa tíma og mikilvægt að halda því þannig. Einstaklingar sem tengjast geð- og þroskakjörnum Reykjavíkurborgar hafa verið að sækja þessa tíma. Til að mynda ákveðna stemmingu og festu varðandi mætingu þá var Hlutverkasetri boðið að taka þátt og senda



einstaklinga að mæta líka. Það hefur skapað skemmtilegt andrúmsloft og hafa einstaklingar frá Hlutverkasetri hjálpað til við að halda uppi spjalli og taka vel á móti þeim sem eru að koma nýir. Festir voru niður tímar á þriðjudögum og fimmtudögum kl.12:30-13:30.

Á fræðslutorgi velferðarsviðsvar búin til námslína með fræðsluerindum sem nýir starfsmenn þurfa að horfa á og hinir sem hafa verið í starfi lengur hafa val um að það. Þetta eru 8 fræðslur um t.d geðrofslyfjameðferð, orsakir geðrofssjúkdóma, neikvæð einkenni geðklofa o.fl.

Betri tenging var komið á milli Vettvangsgeðteymis og iðjuþjálfara á LSH sem eru á Kleppi og Hringbraut. Reglulegir fundir á milli iðjuþjálfara LSH og iðjuþjálfara hjá Vettvangsgeðteyminu um skjólstæðinga var komið á.

Áframhald er á samstarfi við Laugarásinn, meðferðargeðdeild LSH sem snýr að Laugarásverkefninu sem er samstarfsverkefni Velferðarsviðs og geðsviðs LSH. Leiðarljósið með Laugarásverkefninu er snemmíhlutun með það að markmiði að auka líkur á sjálfstæðri búsetu til framtíðar með eða án stuðnings frá sveitarfélagi. Í þessu verkefni er samstarf við tvo íbúðarkjarna, Austurbrún 6 og Sóleyjargata 39. Aðkoma Vettvangsgeðteymis er að iðjuþjálfari teymisins sinnir eftirfylgd færniþjálfunar frá Laugarásnum til starfsfólks kjarnanna.

Í fyrra var komið á spilahóp þvert á kjarnana. Einn starfsmaður á kjarna tók að sér að halda utan um hópinn og öðrum íbúum kjarnanna boðið að mæta og spila Dungeon and Dragon í Hlutverkasetrinu ásamt einstaklingum úr Hluverkasetrinu. Þetta verkefni hefur haldið áfram vegna þess að starfsmaður hefur náð að mæta þó hann sé í fríi og fær jafnvel að stökkva fyrr úr vinnu til að sinna þessum hópi. Þeir einstaklingar sem hafa verið að mæta



geta treyst því að spilatíminn verði af því það hefur verið stöðuleiki í mætingu hjá stafsmanninum. Það hefur verið ánægja hjá þátttakendum að geta spilað reglulega og ýtir undir félagslegaþáttöku hjá þeim

Vettvangsgeðteymið mun halda áfram að styðja við innleiðingu á Bjargráðakerfinu Björgu sem er verkfæri til tilfinningastjórnunar. Einstaklings bjargráðavinna heldur áfram með íbúum og þá starfsfólki kjarnanna. Einnig hefur fagfólk sem vinnur að stuðningi einstaklinga með geðfatlanir verið stutt til að sækja námsskeið til að geta orðið Bjargráða þjálfar.

Áfram er lögð áhersla á að eftirfylgd einstaklinga sem útskrifaðir voru frá göngudeild á Kleppi inn í heilsugæsluna. Áherslubreytingar hjá geðheilsuteyminum hafa leitt til þess að einstaklingar búsettir í geðkjörnum eða eru í húsnaði með stuðningi hafa fengið synjun inn í geðheilsuteymin. Er því brýnt að fylgja þessum einstaklingum vel eftir og þarf vettvangsgeðteymið að vera gott bakland í þeirri eftirfylgd.

Styrkur fékkst frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að Þróa og innleiða verklag til stuðnings fötluðu fólki sem glímir við vímuefnavanda á sæti í starfshópi til undirbúnings verkefninu og mun Vettvangsgeðteymið sinna ákveðnu hlutverki í þeirri vinnu er varðar áframhaldandi stuðning, handleiðslu og fræðslu er varðar íbúa með vímuefnavanda.



## 11. Lykiláherslur 2024

Starfsmenn vettvangsgeðteymisins koma til með að leggja áframhaldandi áherslu á að auka samfellu í þjónustu og brúa bilið milli geðsviðs og velferðarsviðs. Markmið teymisins er að auka samfellu í þjónustu, auka lífsgæði og lífsfærni. Þær leiðir sem eru fyrirhugaður til að ná þeim markmiðum eru eftirfarandi:

- Styðja við aðlögun þeirra einstaklinga sem koma af geðsviði inn á íbúðakjarna/endurhæfingarbúsetu með aukinni samvinnu þeirra fagaðila sem að stuðningi kemur í búsetunni.
  - Meiri aðkoma teymisins þegar nýr íbúi flytur inn og teymið styðji við gerð einstaklingsbundinnar þjónustuáætlunar þar sem koma fram skýr hlutverk hvers og eins sem koma að stuðningi við íbúann.
- Áframhaldandi áhersla á virknimál íbúa.
  - Stuðningur við íbúa með daglega rúttínu og setja upp einstaklingsáætlanir
  - Auka tengsl við virkni úrræði utan heimilis, Hlutverkasetur, Batamiðstöðin, sjálfboðastörf o. fl.
  - Koma að auknum stuðningi við Vinnumálastofnun og þá sérstaklega atvinnu með stuðningi. Individual placement and support (IPS) er byrjað hjá Vinnumálastofnum og unnið er í tengingu við ráðgjafa þar. Einnig hafa betri tengingu við úrræði sem eru að bjóða upp á námskeið eða nám.
  - Einnig auka samstarfið við IPS ráðgjafa á Landspítalanum sem tengdir eru göngudeildinni á Kleppi.
  - Styðja við starfsmenn sem hafa áhuga á tilteknum virknimálum og nýta starfskrafta þeirra þvert á kjarnana.
- Áframhaldandi samstarf við heilsugæsluna og styðja við aukna hjúkrunaraðkomu inn í kjarnana



- Vera stuðningur við eftirfylgd íbúa frá geðsviði til heilsugæslunnar.
- Áfram er boðið upp á hjúkrunarráðgjöf til geðkjarnanna, sérstaklega í málum íbúa sem ekki eru tengdir göngudeildinni á Kleppi. Einnig er skoðun að fá tengilið frá heimahjúkrun Reykjavíkurborgar inn í Vettvangsgeðteymið. Væri hlutverk þess fagaðila að vera tengiliður geðkjarnanna við heimahjúkrun þvert á hverfin og myndi einnig koma að fræðslu til starfsfólks og íbúa.
- Aukin áhersla samstarf við geðteymin innan geðsviðs
  - Mikilvægt að auka þverfaglegt samstarf Vettvangsgeðteymisins við öll teymi innan geðsviðs eins og geðrofsteymi, samfélagsgeðteymi, réttar-og öryggisgeðdeild o. fl. Íbúar geðkjarnanna tilheyra mismunandi teyimum og því er þverfaglegt samstarf mikilvægt.
- Styrkja þekkingu starfsmanna geðsviðs og velferðarsviðs á starfsemi sviðanna með ýmsum leiðum
- Halda áfram að efla almenna og sértæka fræðslu fyrir starfsmenn íbúðakjarnanna og auka þekkingu þeirra á veikindum og gagnreyndum aðferðum í vinnu með einstaklingum með alvarlegar geðraskanir
  - Gera almenna fræðslu aðgengilega fyrir starfsmenn kjarna s.s. með reglubundinni fræðslu inn á starfsstaði og með rafrænni fræðslu. Sérstök áhersla verður lögð á fræðslu fyrir nýtt starfsfólk og að efla fræðslu um tvígreiningar.
  - Bregðast við beiðnum um sértæka fræðslu innan tveggja vikna



## Fylgiskjal 1.



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið



Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14 Reykjavík og Geðsvið Landspítala, kt. 500300-6130 gera með sér svohljóðandi:

### SAMSTARFSSAMNING

#### Um rekstur vettvangsgeðteymis Tilraunaverkefni til 2ja ára.

##### 1. grein

##### Gildissvið/ Þjónusta sem samið er um

Vettvangsgeðteymið mun veita geðheilbrigðisþjónustu til íbúa búsetukjarna, búsetuendurhæfingarheimila og annarra sértækra búsetuúrræða á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkur. Að auki veitir teymið þjónustu til þeirra notenda Velferðarsviðs sem uppfylla fyrrgreind skilyrði og hafa notið reglubundins og markviss stuðnings starfsfólks endurhæfingardeilda geðsviðs LSH.

Þá mun teymið einnig veita stjórnendum og starfsfólki búsetukjarna, búsetuendurhæfingarheimila og annarra sértækra búsetuúrræða á vegum Velferðarsviðs stuðning, ráðgjöf um fræðslu og ráðgjöf um handleiðslu.

##### 2. grein

##### Markmið

Markmið samnings þessa er að veita þverfaglega og einstaklingsmiðaða geðheilbrigðisþjónustu við fólk með alvarlegrar geðraskanir. Markmiðið er að draga úr komum og /eða að stytta innlagnartíma á geðdeild með góðum stuðningi og eftirfylgd teymisins. Þjónustan miðar að því að tryggja samfellu í þjónustu sem og að auka lífsgæði og færni þeirra til þess að takast á við eigið líf.

##### 3. grein

##### Lagagrundvöllur

Þjónustan sem samið er um grundvallast á XI kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.

Í verkefnum þeim sem samstarfssamningur þessi tekur til ber að fylgja mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn þann 16. maí 2006.



Reykjavík





#### **4.grein**

##### **Markhópur vettvangsgeðteymis**

Markhópurinn kemur úr hópi geðfatlaðra íbúa í sértækum búsetuúrræðum á vegum Velferðarsviðs og hópi geðfatlaðra einstaklinga sem tengjast sértækri búsetu.

#### **5.grein**

##### **Umsóknarferli**

Teymisstjóri heldur utan um allar beiðnir og ákvarðanir um veitta þjónustu.

#### **6.grein**

##### **Íhlutun og innlagnir**

Í samræmi við samþykkt verklag geta starfsmenn teymisins ákvarðað um íhlutun og úrræði í samvinnu við íbúa, aðstandendur og/eða forstöðumann

#### **7. grein**

##### **Framlag samningsaðila**

Velferðarsvið leggur Vettvangsgeðteymi til starfsaðstöðu að Síðumúla 39, þriðju hæð og tvö stöðugildi, þar af teymisstjóra í 100% starfshlutfalli. Geðsvið LSH leggur til tvö stöðugildi, sem deilast eftir þörfum á milli þess þverfaglega hóps fagfólks sem að teyminu kemur fyrir hönd Geðsviðs.

#### **8.grein**

##### **Stýrihópur**

Skipa skal fjögurra manna stýrihóp vegna verkefnisins, þ.e. tvo aðila frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og tvo aðila frá Geðsviði LSH. Stýrihópurinn ber ábyrgð á framkvæmd verkefnisins og skal fá til samþykktar vinnulag og verkferla. Stýrihópurinn skal fylgjast með nýtingu á þjónustu teymisins, hafa yfirlit yfir þörf fyrir þjónustu þess og annað sem talið er skipta máli. Teymisstjóri fundar með stýrihópnum. Stýrihópurinn fundar 4 sinnum á ári.

#### **9.grein**

##### **Hlutverk teymisstjóra**

Teymisstjóri heldur utan um daglegt starf teymisins. Teymisstjóri heldur utan um upplýsingagjöf til stýrihóps og ber ábyrgð á eftirfylgni vegna skýrslna, eftirlits og árangurs, sbr. 10. grein.





#### **10. grein** **Skýrslur, eftirlit og árangur**

Gera skal ársskýrslu um starfsemina þar sem m.a. komi fram fjöldi þeirra sem þjónustu nýtur, upplýsingar um biðlista eftir þjónustu teymisins og fjölda þeirra sem ekki þurfa lengur á þjónustu teymisins að halda. Framangreindar upplýsingar skulu sundurgreindar eftir búsetu, kyni, aldri og eðli þjónustu. Stýrihópur getur látið gera úttekt á starfseminni hvenær sem er á samningstímanum.

#### **11. grein** **Þagnarskylda, skráning og meðferð upplýsinga**

Varðveita skal með tryggilegum hætti öll gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái þar ekki aðgang. Upplýsingar skulu skráðar og varðveittar í málaskrá Velferðarsviðs og Sögukerfi Geðsviðs LSH. Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um málefni einstaklinga í samræmi við gildandi lagaákvæði þar að lútandi. Þagnarskylda helst þó svo að samstarfssamningi milli aðila ljúki og einnig ef starfsmenn láta af störfum.

#### **12. grein** **Breytingar á samningi**

Samstarfssamningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

#### **13. grein** **Framsal til 3ja aðila**

Samningsaðilum er óheimilt að framselja samning þennan til 3ja aðila

#### **14. grein** **Uppsögn**

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samningsaðila er þrjú mánuðir og skal tilkynna gagnaðila um uppsögn með formlegum hætti. Gert er ráð fyrir því að samningsaðilar vinni saman að því að ljúka samstarfi.

#### **15. grein** **Gildistími**

Samningur þessi gildir frá 6. október 2012 og er ótímabundinn

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.





Reykjavík, 8. maí 2013

f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Aðalbjörg Traustadóttir

f.h. Geðsviðs LSH

[Handwritten signature]



